

AUGLÝSING

um takmörkun á innflutningi tiltekinna matvæla frá Kína.

1. gr.

Auglýsing þessi gildir um innflutning á hnetum og hnetuafurðum frá Kína sem ætlaðar eru til manneldis.

2. gr.

Auglýsing þessi er sett til að tryggja að matvæli sem um getur í 1. gr. og flutt eru til landsins innihaldi ekki aflatoxín B1 né önnur aflatoxín.

3. gr.

Ekki er heimilt að flytja inn hnetur og hnetuafurðir til manneldis sem upprunnar eru frá Kína og falla undir eftirtaldin tollskrárnúmer: 1202.1000, 1202.2000, 2008.1109.

Þrátt fyrir ofangreind ákvæði skal innflutningur heimill ef innflytjendur framvísa vottorði frá opinberum aðilum um að vörurnar innihaldi ekki aflatoxín B1 yfir hámarksgildum skv. reglugerð nr. 837/2000 um aðskotaefni í matvælum.

4. gr.

Ef vörur sem um getur í 3. gr. eru hér á markaði við gildistöku auglýsingarinnar er eftirlitsaðila heimilt að gera kröfu um að innflytjandi leggi fram vottorð frá opinberum aðila um að vörurnar innihaldi ekki aflatoxín B1 yfir hámarksgildum skv. reglugerð nr. 837/2000 um aðskotaefni í matvælum. Geti innflytjandi ekki lagt fram slíkt vottorð skulu vörurnar teknar af markaði.

5. gr.

Eftirlit með framkvæmd auglýsingar þessarar skal vera skv. ákvæðum laga nr. 93/1995 um matvæli, sbr. og III. ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

6. gr.

Auglýsing þessi er sett með heimild í 28. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli. Auglýsingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 1. mars 2002.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.